



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA
Alþingi

Erindi nr. Þ 133/30

komudagur 2.11.2006

Selfossi, 2. nóvember 2006

0610008SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gatnagerðargjald, 219. mál, heildarlög

Samtökum sunnleuskra sveitarfélaga hefur borist erindi frá Félagsmálanefnd Alþingis, dags. 19. október 2006, þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um gatnagerðargjald, 219. mál, heildarlög


Stjórn SASS hefur samþykkt eftirfarandi umsögn:

„Stjórn SASS tekur undir efni frumvarpsins. Það gerir stöðu sveitarfélaga skýrari varðandi álagningu gatnagerðargjalda og einfaldar hana um leið. Stjórn SASS leggur einnig til að bráðabirgðaákvæði um B-gatnagerðargjald í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 verði framlengt, þar sem enn er þörf til staðar fyrir slíkt ákvæði, en ákvæðið heimilar sveitarfélögunum að innheimta gjald til að leggja bundið slitlag á eldri götur þar sem fasteignareigendur höfðu ekki greitt gatnagerðargjöld.

Stjórn SASS leggur jafnframt til að afnumin verði ákvæði í öðrum lögum þar sem ríkið er undanþegið því að greiða gatnagerðargjöld, t.d af sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Engin rök mæla með slíku fyrirkomulagi.”

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri